

Stofnanþjónusta og dagvistir aldraðra 2001–2006

Institutions for the elderly 2001–2006

Samantekt

Frá árinu 1993 hefur Hagstofa Íslands leitað upplýsinga hjá þeim rekstraraðilum sem heilbrigðisráðuneytið veitir árlega heimildir fyrir vistrými fyrir aldraða og dagvistun þeirra. Árið 2006 voru 92 stofnanir með slíkar heimildir. Þrjár fjórðu þeirra, eða 68, voru reknar af ríki og sveitarfélögum, 18 (19,6%) voru sjálfs-eignarstofnanir og 6 (6,5%) á vegum einkaaðila. Í desember árið 2006 voru vistrými alls 3.458, þar af voru hjúkrunarrými 2.138, eða 61,8% vistrýma. Á tímabilinu 2001 til 2006 fjölgaði vistrýmum um 232 (7,2%). Breyting á tímabilinu fólst í aukningu hjúkrunarrýma á dvalar- og/eða hjúkrunarheimilum á kostnað dvalarrýma. Í desember árið 2006 voru 485 dagvistarrými á landinu. Frá árinu 2001 hafði þeim fjölgaði um 123, eða um 34%.

Af 3.244 öldruðum sem bjuggu á stofnunum í desember árið 2006 voru konur tæp 64%. Þá voru 9,9% 67 ára og eldri á stofnunum aldraðra. Þetta hlutfall var tæp 12% á landsbyggðinni en rúm 9% á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2006 voru 25% íbúa 80 ára og eldri í vistrýmum fyrir aldraða, 28% kvenna og tæp 21% karla. Þá bjuggu tæp 31% 80 ára og eldri á landsbyggðinni á stofnunum, en tæp 22% á höfuðborgarsvæðinu. Frá árinu 2001 til ársins 2006 fjölgaði vistmönnum í heild um 170 (5,5%), en vistmönnum í hjúkrunarrými á hjúkrunarheimilum um 466 (29%).

Grunnur upplýsinga

Öldrunarþjónusta

Í lögum um málefni aldraðra (lög nr. 125/1999) er öldrunarþjónustu skipt annars vegar í opna öldrunarþjónustu og hins vegar stofnanarþjónustu. Til hinnar fyrri nefndu telst félagsleg heimaþjónusta sveitarfélaga, heimahjúkrun, þjónustumiðstöðvar aldraðra, þjónustuíbúðir aldraðra og dagvistun aldraðra. Til þeirrar síðar nefndu teljast dvalar- og hjúkrunarrými. Sumar öldrunarstofnanir bjóða báðar tegundir rýma en aðrar eru ýmist dvalar- eða hjúkrunarheimili. Einnig er að finna hjúkrunarrými fyrir aldraða á sérhæfðum og almennum sjúkrahúsum eða heilbrigðisstofnunum.

Upplýsingaöflun

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið setur fram tölulegar upplýsingar um heimildir fyrir vistrými og dagvistun aldraðra sem það veitir rekstraraðilum, en ekki hafa legið fyrir tölur um fjölda vistmanna né skiptingu þeirra. Hagstofa Íslands hefur frá árinu 1993 leitað árlega upplýsinga hjá öldrunarstofnunum um stofnanarþjónustu, þ.e. um fjölda vistrýma og fjölda vistmanna skipt eftir kyni, aldri og tegund vistrýmis, í desember hvert ár, og á sama hátt er leitað til sjúkrastofnana vegna hjúkrunarrýma og „vistmanna“ þar. Einnig hefur verið leitað til dagvistar aldraðra um upplýsingar um fjölda rýma. Loks hefur verið spurt um fjölda þjónustuíbúða í tengslum við þessar stofnanir og dagvistir, svo og um fjölda og skiptingu íbúa þeirra.



Skilgreining þjónustu

Í lögum um málefni aldraðra eru þeir þjónustupættir sem Hagstofa hefur leitað upplýsinga um skilgreindir á eftirfarandi hátt:

Dvalarrými eru dvalarheimili, sambylí eða íbúðir sérhannaðar fyrir aldraða sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu (1. tölul. 14. gr.). *Hjúkrunarrými* eru rými á öldrunarstofnunum eða hjúkrunarheimilum ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast í dvalarrýmum (2. tölul. 14. gr.).

Dagvistir aldraðra er stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima (3. tölul. 13. gr.).

Þjónustuíbúðir aldraðra eru sjálfseignar-, leigu- eða búseturéttaríbúðir sem eru í tengslum við öldrunarþjónustu á vegum sveitarfélags (4. tölul. 13. gr.).

Stofnanir og dagvistir fyrir aldraða

Fjöldi stofnana og umfang þjónustu

Árið 2006 voru 55 dvalar- og/eða hjúkrunarheimili fyrir aldraða á landinu, 17 heilbrigðisstofnanir voru með rými fyrir aldraða og loks voru 20 dagvistarstofnanir.

Tafla 1. Stofnanir með vistrými fyrir aldraða eftir tegund þjónustu 2006

Table 1. Institutions for the elderly by type of services 2006

Fjöldi <i>Number</i>	Þar af með <i>There of with:</i>					Íbúðir í tengslum við stofnanir <i>private apartments</i>
	Alls <i>Total</i>	dvalar- rými <i>retirement places</i>	hjúkrunar- rými <i>nursing beds</i>	lækninga- deildir <i>geriatric wards</i>	dagvistar- rými <i>daycare places</i>	
Alls <i>Total</i>	92	39	67	4	43	26
Dvalarheimili <i>Retirement homes</i>	5	5	–	–	2	2
Hjúkrunarheimili <i>Nursing homes</i>	18	–	18	–	4	5
Dvalar- og hjúkrunarheimili (blönduð) <i>Retirement and nursing homes (mixed)</i>	32	32	32	–	15	14
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir með hjúkrunarrúm <i>Hospitals with nursing beds</i>	17	2	17	4	2	–
Dagvistarstofnanir <i>Daycare centres</i>	20	–	–	–	20	5

Samspil þjónustupátta er mismunandi. Þannig ráku 43 aðilar dagvistir, þar af voru 21 dagvist á dvalar- og/eða hjúkrunarheimilum og 2 á sjúkrahúsum. Þjónustuíbúðir voru í tengslum við 26 rekstraraðila, þar af 5 sem eingöngu ráku dagvistir.

Fjármögnun rekstrar og eignarhald stofnana

Öldrunarstofnanir, þ.e. stofnanir með dvalar- og hjúkrunarrými og dagvistir, fá greidd daggjöld með hverjum einstaklingi sem dvelur á stofnun eða nýtir dagvist. Heilbrigðisstofnanir eru hins vegar á föstum fjárlögum, en ef þær hafa dvalarrými eða reka dagvist eru þeir þættir fjármagnaðir með daggjöldum.

Tafla 2. Stofnanir með vistrými fyrir aldraða eftir tegund og eigendum/ rekstraraðilum 2006Table 2. *Institutions for the elderly by ownership/management and type 2006*

Fjöldi <i>Number</i>	Ríkis- sjóður <i>Central govern- ment</i>		Sveitar- félög <i>Local govern- ment</i>		Sveitar- félög og ríkissjóður <i>Local and central government</i>	Sjálfs- eignar- stofnanir <i>Non-profit insti- tutions</i>	Einka- aðilar <i>Private firms</i>
	Alls <i>Total</i>						
Alls <i>Total</i>	92	25	31		12	18	6
Dvalarheimili <i>Retirement homes</i>	5	2	2		–	–	1
Hjúkrunarheimili <i>Nursing homes</i>	18	6	2		2	7	1
Dvalar- og hjúkrunarheimili (blönduð) <i>Retirement and nursing homes (mixed)</i>	32	1	14		7	6	4
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir með hjúkrunarrúm <i>Hospitals with nursing beds</i>	17	16	–		–	1	–
Dagvistarstofnanir <i>Daycare centres</i>	20	–	13		3	4	–

Árið 2006 voru 68 (73,9%) stofnana með vistrými eða dagvist reknar af ríki og sveitarfélögum, 18 (19,6%) af sjálfseignarstofnunum og loks voru 6 (6,5%) á vegum einkaaðila.

Fjöldi stofnana 2001 og 2006

Heildarfjöldi stofnana breytist lítið frá árinu 2001 til ársins 2006, eða úr 88 í 92. Á tímabilinu fækkaði heilbrigðisstofnunum með hjúkrunarrúm fyrir aldraða um tvær, en dagvistum fjölgaði um sjö. Fjöldi dvalar- og/eða hjúkrunarheimila breyttist minna á heildina lítið. Þeim fjölgaði um þrjár á höfuðborgarsvæðinu en fækkaði um fjórar á landsbyggðinni. Að meðaltali voru rúm 48 rými á hvert dvalar- og/eða hjúkrunarheimili árið 2001 en tæp 54 rými að meðaltali árið 2006. Heimili á höfuðborgarsvæðinu eru að jafnaði um þrefalt stærra en heimili utan þess.

Tafla 3. Stofnanir með vistrými fyrir aldraða eftir tegund og landsvæðum 2001 og 2006Table 3. *Institutions for the elderly by type and regions 2001 and 2006*

Fjöldi <i>Number</i>		Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>			Önnur landsvæði <i>Other areas</i>	
		Alls <i>Total</i>	Alls <i>Total</i>	Reykja- vík		Annað <i>Other</i>
Alls <i>Total</i>	2001	88	20	14	6	68
	2006	92	27	16	11	65
Dvalar- og/eða hjúkrunarheimili <i>Retirement and nursing homes</i>	2001	56	15	9	6	41
	2006	55	18	10	8	37
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir með hjúkrunarrúm <i>Hospitals with nursing beds</i>	2001	19	1	1	–	18
	2006	17	1	1	–	16
Dagvistarstofnanir <i>Daycare institutions</i>	2001	13	4	4		9
	2006	20	8	5	3	12
Meðalfjöldi rýma á dvalar- og hjúkrunarheimilum <i>Average number of beds and places in retirement and nursing homes</i>	2001	48,2	102,7	123,3	71,7	28,2
	2006	53,7	93,7	121,0	59,5	34,3

Fækkun dvalarheimila en fjölgun hjúkrunarheimila og blandaðra heimila

Þótt heildarfjöldi dvalar- og hjúkrunarheimila breytist lítið frá 2001 til 2006 voru töluverðar breytingar á innbyrðis skiptingu þeirra. Þannig fækkaði hreinum dvalarheimilum um 11, en hreinum hjúkrunarheimilum og blönduðum heimilum fjölgaði alls um 10. Á tímabilinu voru opnuð fimm ný heimili, þar af fjögur hjúkrunarheimili og eitt blandað. Hreinum dvalarheimilum fækkaði, bæði vegna lokunar og vegna þess að þau breytast í blönduð heimili.

Tafla 4. Breyting á fjölda dvalar- og hjúkrunarheimila 2001–2006

Table 4. Changes in number of retirement and nursing homes 2001–2006

Fjöldi <i>Number</i>					Meðalfjöldi rýma á stofnun <i>Average no. of beds and places</i>
	Alls <i>Total</i>	Dvalar- heimili <i>Retirement homes</i>	Hjúkrunar- heimili <i>Nursing homes</i>	Blönduð <i>Mixed</i>	
2001 Alls Total	56	16	15	25	48,2
Óbreytt <i>Unchanged</i>	42	5	14	23	.
Breyting á tegund <i>Change of type</i>	–	-8	–	8	.
Hætt <i>Not in operation 2006</i>	-6	-3	-1	-2	31,5
Ný <i>New</i>	5	0	4	1	79,8
2006 Alls Total	55	5	18	32	53,7

Vistrými

Vistrými í desember 2006

Í desember árið 2006 voru 3.458 vistrými fyrir aldraða á stofnunum með slík rými. Þar af voru hjúkrunarrými á dvalar- og hjúkrunarheimilum 2.138 eða 61,8% vistrýma á landinu öllu. Á höfuðborgarsvæðinu voru hjúkrunarrými á dvalar- og hjúkrunarheimilum 76,6% vistrýma þar en þau voru 45,3% vistrýma á landsbyggðinni. Hlutfall rúma á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni var 22,4% vistrýma þar en aðeins 7,6% rýma á höfuðborgarsvæði og 14,6% á landinu öllu.

Tafla 5. Stofnanir með vistrými fyrir aldraða eftir tegund og landsvæðum í desember 2006

Table 5. Beds and places in retirement homes, nursing homes and wards in December 2006

Fjöldi <i>Number</i>	Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>				Önnur landsvæði <i>Other areas</i>
	Alls <i>Total</i>	Alls <i>Total</i>	Reykja- vík	Annað <i>Other</i>	
Alls Total	3.458	1.824	1.348	476	1.634
Dvalar- og/eða hjúkrunarheimili alls <i>Nursing and/or retirement homes, total</i>	2.954	1.686	1.210	476	1.268
Dvalarrými <i>In retirement homes</i>	816	288	199	89	528
Hjúkrunarrými <i>In nursing homes</i>	2.138	1.398	1.011	387	740
Heilbrigðisstofnanir/sjúkrahús alls <i>Hospitals, total</i>	504	138	138	–	366
Hjúkrunarrúm <i>Nursing beds</i>	343	18	18	–	325
Öldrunalækningarrúm <i>Geriatric wards</i>	161	120	120	–	41

Lítill fjölgun vistrýma Á tímabilinu 2001 til 2006 fjölgaði vistrýmum fyrir aldraða um 232 (7,2%). Þeim fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu um 133 (7,9%) en annars staðar um 99 (6,4%).

Tafla 6. Vistrými eftir tegund og landsvæðum í desember 2001–2006

Table 6. Beds and places in retirement homes, nursing homes and wards in December 2001–2006


Fjöldi Number	Höfuðborgarsvæði Capital region				Önnur landsvæði Other areas
	Alls Total	Alls Total	Reykja- vík	Annað Other	
Alls Total					
2001	3.226	1.691	1.261	430	1.535
2005	3.397	1.848	1.346	502	1.549
2006	3.458	1.824	1.348	476	1.634
Dvalarrými <i>In retirement homes</i>					
2001	1.031	415	310	105	616
2005	852	302	200	102	550
2006	816	288	199	89	528
Hjúkrunarrými <i>In nursing homes</i>					
2001	1.666	1.125	800	325	541
2005	2.046	1.401	1.001	400	645
2006	2.138	1.398	1.011	387	740
Rúm á sjúkrahúsum ¹ <i>In hospitals¹</i>					
2001	529	151	151	–	378
2005	499	145	145	–	354
2006	504	138	138	–	366

¹ Bæði hjúkrunarrúm og rúm á öldrunarlækningadeildum. *Both geriatric and nursing beds.*

Dvalarrýmum fækkaði úr tæplega þriðjungi vistrýma í fjórðung þeirra á árunun 2001 til 2006, en hlutfall hjúkrunarrýma á dvalar- og/eða hjúkrunarheimilum óx úr rúmum 50% rýma árið 2001 í 62% þeirra 2006. Loks var hlutfall hjúkrunarrýma á sjúkrahúsum 16% rýma árið 2001 og tæp 15% þeirra árið 2006. Þannig að þrátt fyrir litlar breytingar á fjölda vistrýma á stofnunum aldraðra á þessum 6 árum verða miklar breytingar eftir tegund rýma.

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting vistrýma fyrir aldraða 2001–2006

Figure 1. Proportional division of beds and places in retirement homes, nursing homes and wards 2001–2006



Dvalarrýmum breytt í
hjúkrunarrými

Breyting á fjölda rýma milli árana 2001 og 2006 endurspeglar aukningu hjúkrunarrýma á dvalar- og/eða hjúkrunarheimilum á kostnað dvalarrýma. Þannig hefur bæði dvalarrýmum verið breytt í hjúkrunarrými og ný rými sem til verða á tímabilinu eru í meira mæli hjúkrunarrými. Í töflu 7 eru þessar breytingar greindar nánar.

Tafla 7. Breyting á fjölda vistrýma á dvalar- og hjúkrunarheimilum 2001–2006

Table 7. Changes in number of beds and places in retirement and nursing homes 2001–2006

Fjöldi Number	Dvalar- heimili		Hjúkrunar- heimili
	Alls Total	Retirement homes	Nursing homes
2001 Alls Total	2.697	1.031	1.666
Breyting heimila Changes in institutions			
Ný rými New beds	90	0	90
Fjölbyli breytt í einbýli Changed to single rooms	-43	-12	-31
Dvalarrýmum breytt í hjúkrunarrými Retirement changed to nursing	0	-168	168
Heimili lögð niður Not in operation 2006	-189	-99	-90
Ný heimili New institutions	399	64	335
2006 Alls Total	2.954	816	2.138

Vistmenn

Flestir vistmenn í hjúkrunarrými

Af 3.244 öldruðum sem dvöldust á stofnunum í desember árið 2006 voru 2.076 (64%) í hjúkrunarrýmum hjúkrunar- og/eða dvalarheimila. Í dvalarrýmum sömu stofnana voru 694 aldraðir (21,4%), en á heilbrigðisstofnunum 473 (14,6%). Konur voru tæp 64% aldraðra sem dvöldust á stofnunum. Í hjúkrunarrými dvalar- og/eða hjúkrunarheimila dvöldust 1.394 konur, eða 67,4% allra kvenna 65 ára og eldri sem dvöldust á stofnun. Karlar í hjúkrunarrými voru 682, eða 58,1% allra karla 65 ára og eldri sem dvöldust á stofnun. Af þeim 473 sem dvöldust á heilbrigðisstofnunum/sjúkrahúsum eru 165 (34,9%) í öldrunarlækningarymum sjúkrahúsa.

Tafla 8. Vistmenn á stofnunum eftir kyni og aldri í desember 2006

Table 8. Occupants by sex and age in December 2006

	Fjöldi vistmanna <i>Number of occupants</i>				
	Alls <i>Total</i>	65–66 ára <i>years</i>	67–79 ára <i>years</i>	80–89 ára <i>years</i>	90 ára og eldri <i>years and over</i>
<i>Alls Total</i>					
Karlar og konur <i>Males and females</i>	3.244	104	729	1.711	700
Karlar <i>Males</i>	1.174	53	332	609	180
Konur <i>Females</i>	2.070	51	397	1.101	520
<i>Dvalarrými Retirement homes</i>					
Karlar og konur <i>Males and females</i>	694	27	144	394	128
Karlar <i>Males</i>	318	19	78	178	42
Konur <i>Females</i>	377	8	66	216	86
<i>Hjúkrunarrými Nursing homes</i>					
Karlar og konur <i>Males and females</i>	2.076	65	462	1.048	501
Karlar <i>Males</i>	682	27	203	335	118
Konur <i>Females</i>	1.394	38	259	713	384
<i>Heilbrigðisstofnanir/sjúkrahús¹ Hospitals¹</i>					
Karlar og konur <i>Males and females</i>	473	12	123	268	70
Karlar <i>Males</i>	174	7	51	96	20
Konur <i>Females</i>	299	5	72	172	50

¹ Bæði á öldrunarlækningadeildum og í hjúkrunarrýmum. *Both in geriatric and nursing wards.*

Hlutfall af aldurshópi 80 ára og eldri hæst meðal vistmanna

Í desember árið 2006 dvöldust 25% fólks 80 ára og eldri á stofnunum með vistrými fyrir aldraða. Það á við tæp 28% kvenna á þessum aldri og tæp 21% karla. Meira en helmingur fólks 90 ára og eldra dvöldust á þessum stofnunum, eða rúm 52%. Það á við 56% kvenna á þessum aldri og tæp 44% karla.

Tafla 9. Vistmenn eftir kyni og aldri sem hlutfall af aldurshópum

Table 9. Occupants by sex and age in December 2006 as percentage of age groups

Desember 2006 <i>December 2006</i>	Fjöldi vistmanna <i>Number of occupants</i>				
	Alls <i>Total</i>	65–66 ára <i>years</i>	67–79 ára <i>years</i>	80–89 ára <i>years</i>	90 ára og eldri <i>years and over</i>
Alls Total					
Karlar og konur <i>Males and females</i>	9,1	2,6	3,3	20,6	52,2
Karlar <i>Males</i>	7,3	2,8	3,2	18,0	43,8
Konur <i>Females</i>	10,6	2,5	3,4	22,4	56,0
Dvalarrými <i>Retirement homes</i>					
Karlar og konur <i>Males and females</i>	1,9	0,7	0,7	4,8	9,6
Karlar <i>Males</i>	2,0	1,0	0,7	5,3	10,3
Konur <i>Females</i>	1,9	0,4	0,6	4,4	9,3
Hjúkrunarrými <i>Nursing homes</i>					
Karlar og konur <i>Males and females</i>	5,8	1,6	2,1	12,6	37,4
Karlar <i>Males</i>	4,2	1,4	1,9	9,9	28,6
Konur <i>Females</i>	7,2	1,9	2,2	14,5	41,3
Heilbrigðisstofnanir/sjúkrahús ¹ <i>Hospitals¹</i>					
Karlar og konur <i>Males and females</i>	1,3	0,3	0,6	3,2	5,2
Karlar <i>Males</i>	1,1	0,4	0,5	2,8	4,9
Konur <i>Females</i>	1,5	0,2	0,6	3,5	5,4

¹ Bæði á öldrunarlækningadeildum og í hjúkrunarrýmum. *Both in geriatric and nursing wards.*

Meiri fjölgun vistmanna á
höfuðborgarsvæði en annars
staðar

Frá árinu 2001 til ársins 2006 fjölgaði vistmönnum alls um 170 (5,5%). Vistmönnum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði á þessum sex árum um 167, eða tæp 11%, en utan þess fjölgaði þeim aðeins um 3, eða rúm 0,2%.

Tafla 10. Vistmenn eftir tegund vistrýmis og landsvæðum 2001–2006

Table 10. Occupants of retirement homes, nursing homes and wards 2001–2006

Fjöldi í desember <i>Number in December</i>	Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>				Önnur landsvæði <i>Other areas</i>
	Alls <i>Total</i>	Alls <i>Total</i>	Reykja- vík	Annað <i>Other</i>	
Alls Total					
2001	3.073	1.603	1.195	408	1.470
2005	3.290	1.830	1.349	481	1.460
2006	3.244	1.771	1.303	468	1.473
Í dvalarrými <i>In retirement homes</i>					
2001	978	383	278	105	595
2005	766	272	173	99	494
2006	694	261	176	85	433
Í hjúkrunarrými <i>In nursing homes</i>					
2001	1.610	1.083	780	303	527
2005	2.056	1.413	1.031	382	643
2006	2.076	1.374	991	383	702
Á heilbrigðisst./sjúkrahúsum ¹ <i>In hospitals¹</i>					
2001	486	137	137	–	349
2005	468	145	145	–	323
2006	473	136	136	–	337

¹ Bæði á öldrunarlækningadeildum og í hjúkrunarrýmum. *Both in geriatric and nursing wards.*

Fjölgun vistmanna í hjúkrunarrýmum en fækkun í öðrum tegundum vistunar

Breyting á fjölda vistmanna milli árána 2001 og 2006 endurspeglar aukningu í hjúkrunarrými á dvalar- og/eða hjúkrunarheimilum á kostnað dvalarrýmis. Þannig fjölgaði vistmönnum í hjúkrunarrými um 466 á tímabilinu eða um 29%. Á sama tíma fækkaði vistmönnum í dvalarrýmum um 283 eða 29% og á sjúkrahúsum um 13 eða 3%.

Hlutfallslega fleiri aldraðir í vistun á landsbyggðinni

Í desember árið 2006 voru 9,9% 67 ára og eldri á stofnunum með vistrými fyrir aldraða. Þetta hlutfall var tæp 12% á landsbyggðinni en rúm 9% á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma voru tæp 31% 80 ára og eldri vistmenn á stofnunum á landsbyggðinni, en það átti við tæp 22% 80 ára og eldri á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 11. Vistmenn sem hlutfall af aldurshópum eftir landsvæðum 2001–2006

Table 11. Occupants in percentage of age groups by regions 2001–2006

		Alls Total	Höfuðborgar- svæði Capital region	Önnur landsvæði Other areas
65 ára og eldri 65 years and over	2001	9,2	7,8	11,6
	2005	9,4	8,4	10,9
	2006	9,1	8,1	10,8
67 ára og eldri 67 years and over	2001	10,0	8,4	12,6
	2005	10,1	9,1	11,8
	2006	9,9	8,9	11,6
80 ára og eldri 80 years and over	2001	25,8	21,0	33,3
	2005	24,9	21,2	31,2
	2006	25,0	21,8	30,6

Starfsmenn á dvalar- og hjúkrunarheimilum

Setnar stöður á dvalar- og hjúkrunarheimilum

Upplýsingar um setnar stöður á dvalar- og hjúkrunarheimilum eru fengnar frá Landlæknisembættinu. Tafla 12 sýnir fjölda setinna staða við umönnun og hjúkrun, hlutfallslega skiptingu þeirra eftir störfum og loks ársverk á vistrými árin 2001 og 2002, en það eru nýjustu tiltækar upplýsingar.

Tafla 12. Setnar stöður á dvalar- og hjúkrunarheimilum 2001–2002

Table 12. Occupied positions (FTE) in nursing and retirement homes 2001–2002

Hlutfall Percent	2001	2002
Umönnunar- og hjúkrunarstöður alls <i>Nursing positions, total</i>	100,0	100,0
Ófaglærðir starfsmenn <i>Assistants</i>	71,3	69,1
Sjúkraliðar <i>Auxiliary nurses</i>	13,5	15,4
Hjúkrunarfræðingar <i>Qualified nurses</i>	12,6	12,6
Annað fagfólk <i>Other qualified personel</i>	2,6	2,9
Fjöldi setinna staðna <i>Number of occupied positions (FTE)</i>	1.818	1.955
Ársverk á vistrými <i>Occupied positions per beds and places</i>	0,674	0,720

Heimild Source: Landlæknisembættið. Directorate of Health.

Dagvistir aldraðra

Dagvistir aldraðra

Í desember árið 2006 voru 485 dagvistarými á landinu á 43 stofnunum. Af þessum 43 stofnunum voru 20 sjálfstæðar dagvistir með 272 rými (56,1%), en í öðrum

tilvikum var um að ræða dagvistir í tengslum við aðrar stofnanir. Af 485 rýmum voru 281 eða 57,9% á höfuðborgarsvæðinu. Frá árinu 2001 til 2006 fjölgaði dagvistarrýmum á landinu um 34%, en á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði þeim um tæp 52%. Meðalstærð dagvista árið 2006 eru 11,3 rými. Á höfuðborgarsvæðinu er meðalstærð þeirra 21,6 rými en aðeins 6,8 rými annarsstaðar.

Rétt er að hafa í huga að yfirleitt er hvert rými notað af fleiri en einum einstaklingi (visttími er misjafn og sjaldan heill dagur), þannig að vistmenn í dagvistun eru mun fleiri en vistrýmin.

Tafla 13. Rými í dagvistun aldraðra eftir landsvæðum 2001–2006

Table 13. Number of daycare places for the elderly by area 2001–2006

Fjöldi <i>Number</i>	Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>				Önnur landsvæði <i>Other areas</i>
	Alls <i>Total</i>	Alls <i>Total</i>	Reykja- vík	Annað <i>Other</i>	
Alls Total					
2001	362	185	141	44	177
2005	442	244	161	83	198
2006	485	281	165	116	204
Þar af á dagvistarstofnun <i>There of in daycare centers</i>					
2001	156	101	101	•	55
2005	237	150	141	9	87
2006	272	183	141	42	89

Íbúðir í tengslum við stofnanir aldraðra

Íbúðir í tengslum við stofnanir aldraðra

Svokallaðar þjónustuíbúðir í tengslum við stofnanir aldraðra eru eins og áður kom fram sjálfseignar-, leigu- eða búseturéttaríbúðir sem eru í tengslum við öldrunarþjónustu á vegum sveitarfélaga. Hér eru ekki allar slíkar íbúðir taldar, heldur eingöngu þær sem eru í tengslum við stofnanir sem Hagstofa leitar til vegna vistrýma og dagvistarrýma. Þannig eru slíkar íbúðir sem eru í tengslum við aðra þjónustu við aldraða ekki meðtaldar og er vantaling sennilega veruleg á höfuðborgarsvæði. Árið 2006 voru þær íbúðir sem Hagstofa fékk upplýsingar um 868, þar af 554 (63,8%) á höfuðborgarsvæðinu. Þeim hafði fjölgað um 24% frá árinu 2001.

Tafla 14. Íbúðir í tengslum við stofnanir með vistrými eða dagvistir eftir landsvæðum 2001–2006

Table 14. Apartments in connection with institutions for the elderly by region 2001–2006

Fjöldi <i>Number</i>	Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>				Önnur landsvæði <i>Other areas</i>
	Alls <i>Total</i>	Alls <i>Total</i>	Reykja- vík	Annað <i>Other</i>	
Alls Total					
2001	700	447	283	164	253
2005	859	546	301	245	313
2006	868	554	309	245	314

Um 4% 65 ára og eldri í íbúðum
aldraðra

Árið 2006 bjuggu 484 karlar og 869 konur 65 ára og eldri í þjónustuíbúðum í tengslum við stofnanir aldraðra, þ.e. 3,0% karla og 4,5% kvenna á þeim aldri. Rúmlega 9% kvenna 80 ára og eldri bjuggu í slíkum íbúðum og tæp 8% karla á þeim aldri. Meðalfjöldi íbúa á íbúð var 1,56 árið 2006.

Tafla 15. Íbúar í íbúðum í tengslum við stofnanir með vistrými eftir kyni og aldri

Table 15. Occupants of apartments in connection with institutions for the elderly by sex and age

Desember 2006 <i>December 2006</i>	Fjöldi vistmanna <i>Number of occupants</i>			
	Alls <i>Total</i>	65-69 ára <i>years</i>	70-79 ára <i>years</i>	80 ára og eldri <i>years and over</i>
Fjöldi <i>Number</i>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	1.353	61	452	840
Karlar <i>Males</i>	484	27	164	293
Konur <i>Females</i>	869	35	288	547
Hlutfall aldurshóps <i>Percent of age groups</i>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	3,8	0,7	2,7	8,7
Karlar <i>Males</i>	3,0	0,6	2,1	7,7
Konur <i>Females</i>	4,5	0,7	3,3	9,4

English summary

Institutions for the elderly were 92 in the year 2006. There of 68 (73.9%) were managed by central or local government, 18 (19.6%) were non-profit institutions and 6 (6,5%) were private institutions. In December 2006 there were 3.458 beds and places in retirement homes, nursing homes and wards, thereof were 2.138 or 61.8% places in nursing homes. From 2001 to 2006 beds and places increased by 232 (7.2%). The change consisted in an increased number of places in nursing homes and decreased number of places in retirement homes. In the year 2006 day-care places were 485 and had increased by 123 (34%) from the year 2001.

Females were nearly 64% of the 3.244 occupants of beds and places in retirement homes, nursing homes and wards for the elderly in 2006. That year 9.9% of people 67 years and older were living in institutions for the elderly. That proportion was 9% in the capital region and 12% in other areas. Of people 80 years or older in the capital region nearly 22% were occupants of institutions for the elderly. That proportion was nearly 31% in other areas. From 2001 to 2006 the total number of occupants of institutions for the elderly increased by 170 (5.5%), but the number of occupants of beds in nursing homes increased by 466 (29%).

Hagtidindi **Heilbrigðis-, félags- og dómsmál**
Statistical Series ***Health, social affairs, justice***

93. árgangur nr. 10

2008:1

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4673 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4681 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Kristinn Karlsson • kristinn.karlsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series